

Alþingi
Erindi nr. P 138/1211
komudagur 10.3.2010



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2010
Mál nr. 1003004

Efni: Umsögn, vísindaveiðar 359. mál.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Lands sambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 359. mál, vísindaveiðar.


Efni þessa frumvarps og greinargerðar sem því fylgir er ekki í samræmi við ábyrga og sjálfbæra fiskveiðistjórn, auk þess sem ákveðins misskilnings virðist gæta í efnistöku. Við leggjum því eindregið til að þetta frumvarp verði ekki að lögum.

Með frumvarpi þessu er verið að leggja til nýtt hugtak og verulegar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Í gildandi lögum er ekkert ákvæði um vísindaveiðar. Aftur á móti hafa veiðar til vísindarannsókna farið fram um langt árabil á Íslandsmiðum og heita þær stofnmæling botnfiska í mars og stofnmæling að hausti. Var þessi skipulagði háttur tekinn upp að frumkvæði vísindamanna og í samstarfi við skipstjóra vegna þeirra augljósu kostna sem slík nálgun hefur umfram túlkun gagna úr afladagbókum frá vísindalegu sjónarmiði. Engu að síður veita afladagbækur nú þegar mikilvægar viðbótarupplýsingar sem nýttar eru í rannsóknarstarfi vísindamanna.

Tillaga um frjálsar veiðar felur í sér veiðar umfram samþykktu nýtingarstefnu. Þetta leiðir til umframafla sem með engu móti fær samræmst sjónarmiðum um ábyrgar og sjálfbærar fiskveiðar. Sá afli sem fæst við veiðarnar er fenginn úr fiskistofnunum og veiðipól þeirra vegna annarra veiða minnkar sem þeim afla nemur. Slík ráðstöfun myndi draga mjög úr trúverðugleika íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi og skaða ímynd Íslands sem ábyrgrar fiskveiðipjóðar og skerða möguleika útflutningsaðila sjávarafurða til að fá hæstu verð á bestu mörkuðum.

Frumvarpshöfundar líta með velþóknun á rannsóknir VNIRO hafrannsóknastofnunarinnar í Murmansk. Þessi aðferð Rússanna hefur ekki hlotið hljómgrunn hjá vísindamönnum annarra landa enda stenst hún enga vísindalega skoðun. Að því er best verður séð var ekki um að ræða sérstakar vísindaveiðar heldur úrvinnslu gagna úr afladagbókum fiskiskipa; sama hátt mætti hafa á hér, ef ástæða þætti til, án þess að til kæmu sérstakar viðbótarafllaheimildir.

Virðingarfyllst,


Kristján Þórarinnsson
stofnvistfræðingur